

Matvælaráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 29. maí 2024  
Mál nr. 2405039 U.V.H.

**Efni:** Umsögn um drög að landsáætlun um útrýmingu sauðfjárriðu. Mál nr. S-98/2024 í samráðsgátt stjórnvalda.

Á 1214. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 22.5.2024 var færð til bókar umsögn um drög að landsáætlun um útrýmingu sauðfjárriðu. Svohljóðandi var bókað:

*Í samráðsgátt stjórnvalda eru til umsagnar drög að landsáætlun um útrýmingu á sauðfjárriðu. Er áætlunin unnin af starfshópi sem skipaður var í janúar 2024. Byggðarráð fagnar framlagðri áætlun enda löngu tímabært að endurskoða nálgun til að bregðast við þeim vágesti sem riðan er en gerir athugasemd við tímasetningu á samráði um málið, í miðjum sauðburði. Í áætluninni er fjallað um að með útrýmingu riðu megi leggja niður sauðfjárveikivarnarlínur á ýmsum stöðum. Vill byggðarráð koma á framfæri athugasemd við þau áform þar sem sauðfjárveikivarnarlínur þjóna mikilvægu hlutverki við takmörkun á útbreiðslu garnaveiki sem getur valdið miklum búsjfum og því brýnt að línunum verði við haldið. Ráðið vísar jafnframt í umsögn Félags sauðfjárbænda í Vestur-Húnavatnssýslu og gerir að sinni.*

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við ráðuneytið um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri